
Krullufréttir 2003

27. desember 2003:

Góð þátttaka í Áramótamótinu

Hið árlega Áramótamót Curling deildarinnar var haldið í Skautahöllinni laugardagskvöldið 27. desember. Alls tóku 23 keppendur þátt eða sex lið. Dregið var í liðin til tilbreytingar þannig að hefðbundin liðsskipan úr öðrum mótum riðlaðist nokkuð. Ágúst Hilmarsson stýrði liði sínu til sigurs í kvöld en með honum í liði voru Árni Arason, Jón Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir. Keppt var í tveimur riðlum og síðan kepptu efstu lið úr hvorum riðli til úrslita um 1. sætið og svo koll af kolli. [Sjá myndir frá mótinu hér...](#)

Liðin voru þannig skipuð:

A: Sveinn Björnsson, Björn Arason, Einar Jóhannsson og Haraldur Ingólfsson

B: Ásgrímur Ágústsson, Ágúst Ásgrímsson, Davíð Valsson og Dagbjört Hulda Eiríksdóttir.

C: Jón S. Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir og Júlíus Arason.

D: Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Jón Rögnvaldsson og Svanfríður Sigurðardóttir.

E: Hallgrímur Valsson, Audrey Freyja Clarke, Birgir Gunnarsson og Elísabet Inga Ásgrímsdóttir.

F: Gísli Kristinsson, Eiður Stefánsson, Mimmi og Sigurður Gunnarsson.

Úrslit einstakra leikja urðu þessi:

A-riðill		B-riðill	
A - B	7 - 2	D - E	5 - 0
B - C	4 - 5	E - F	0 - 8
A - C	3 - 2	F - D	3 - 4

Leikir um sæti:

1.-2. sæti	D - A	6 - 1
3.-4. sæti	C - F	3 - 2
5.-6. sæti	E - B	8 - 2

Til gamans er hér einnig samantekin stig, unnar lotur og fjöldi steina sem einstök lið skoruðu:

Lið	Unnar lotur	Skoraðir steinar	Stig
D	8	16	6
A	6	11	4
C	5	10	4
F	8	13	2
E	2	8	2
B	5	8	0

17. desember 2003:

Haustmótinu lokið - Garpar sigruðu

Haustmótinu (miðvikudagsmótinu sem var að hluta spilað á mánudögum) lauk í kvöld. Fyrir

lokaumferðina voru fjögur lið efst og jöfn með sex stig en tvö þeirra (Fálkar og Ernir) höfðu lokið keppni og hin tvö (Garpar og Víkingar) sigruðu auðveldlega í sínum leikjum í kvöld. Það þýðir að Garpar standa uppi sem sigurvegarar en þeir hlutu 8 stig eins og Víkingar þannig að innbyrðis viðureign þessara liða ræður úrslitum. Til hamingju Garpar. Á myndinni eru Garpar sigurreifir eftir verðlaunaafhendingu, taldir frá vinstri: Sigurður Gunnarsson, Davíð Valsson, Hallgrímur Valsson og Magnús Finnsson.

20. nóvember 2003:

Uppstokkun á liðsskipan í Haustmótinu

Vegna fjölda nýrra iðkenda í curling hefur verið gerð nokkur uppstokkun á liðunum sem fyrir voru í tilraunaskyni og til þess að gefa sem flestum af nýliðunum tækifæri til að spila í liði með þeim sem reyndari eru. Nú er nýhafið svokallað miðvikudagsmót, sem þó er að hluta spilað á mánudögum vegna fjölda liða. Ef til vill réttara að kalla það haustmót. Á myndinni hér til hliðar má sjá einn af nýju iðkendunum, Einar Jóhannsson, renna sér af stað með stein. Í baksýn er Helga Margrét Clarke, sem er þekktari fyrir listhlaup á skautum, en hefur keppt nokkrum sinnum í curling.

Í mótinu eru eftirtalin lið og liðsskipan eins og hún var í fyrstu umferðinni:

Ernir	Fálkar	Garpar
Ásgrímur Ágústsson	Ágúst Hilmarsson	Hallgrímur Valsson
Ágúst Ásgrímsson	Haraldur Ingólfsson	Davíð Valsson
Elísabet Ásgrímsdóttir	Árni Arason	Magnús Finnsson
Einar Jóhannsson	Júlíus Arason	Sigurður Gunnarsson
Sigfús Sigfússon	Guðmundur Pétursson	
Ísmeistarar	Listhlaup	Víkingar
Sigurgeir Haraldsson	Jón G. Rögnvaldsson	Gísli Kristinsson
Sveinn Björnsson	Svanfríður Sigurðardóttir	Jón S. Hansen
Helga Margrét Clarke	Dagbjört Hulda Eiríksdóttir	Birgitta Reinaldsdóttir
Audrey Freyja Clarke	Jóhannes Páll Héðinsson	Björn Arason

(Birt með fyrirvara um villur eða vöntun á nöfnum, liðhlaup eða ef einhver fer úr liði!)

17. nóvember 2003:

Haustmótið hafið

Fyrsta umferðin í haustmóti Curling deilarinnar hófst í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Venjan hefur verið að kalla æfingamót að hausti *miðvikudagsmót* en vegna fjölgunar iðkenda og liða reynist nauðsynlegt nú að leika alltaf einn leik á mánudagskvöldum og tvo á miðvikudagskvöldum, þannig að ef til vill er hentugra að nota orðið haustmót. Liðin hafa verið stokkuð upp til þess að dreifa nýjum iðkendum á sem flest lið en nánar verður farið ofan í nýja liðsskipan hér á fréttasíðunni síðar.

Í fyrsta leik haustmótsins mættust Víkingar, Íslandsmeistararnir 2003, og Garpar. Garpar sigruðu með 7 steinum gegn 4 eftir sviftingasaman leik þar sem ein lota endaði án stiga, Víkingar unnu eina lotu með fjórum steinum og Garpar unnu eina með þremur steinum. Önnur umferð verður miðvikudaginn 19. nóvember en þá leika Fálkar og Ernir annars vegar og Ísmeistarar og Listhlaup hins vegar. Áhorfendur ávallt velkomnir til að fylgjast með skemmtilegri keppni!

14. nóvember 2003:

Stöðug fjölgun iðkenda - æfingamót fram að jólum

Curling æfingar hafa nú staðið síðan í byrjun október og allmargir nýir iðkendur hafa komið til liðs við

hinn smáa en áhugasama hóp curling fólks sem fyrir var. Líklega eru flestir nýliðar sem komið hafa í haust og prófað sammála um að íþróttin kemur á óvart og er mun skemmtilegri en margir gera sér í hugarlund.

Eins og venja hefur verið er nú stefnt að því að setja upp æfingamót sem standa mun fram undir jól. Búist er við því að sex lið taki þátt og því líklegt að leikið verði alla miðvikudaga héðan í frá fram í síðustu viku fyrir jól, auk þess sem leika þarf einn leik á mánudögum. Til þess að klára mót með sex liðum fyrir jól er því reiknað með að hefja leik næsta mánudag, 17. nóvember.

11. nóvember 2003:

Curling fólk komið heim frá Kaupmannahöfn reynslunni ríkara

Curling fólk sem hélt fyrir helgina til Tårnby í Danmörku til keppni í curling kom heim um hádegisbil í dag. Fálkar lentu í 17. sæti á mótinu en Víkingar léku gegn dönsku liði um það hvort liðið myndi verma neðsta sætið. Víkingar unnu þann leik en venja er að veita sérstök aukaverðlaun fyrir neðsta sætið.

Fálkar töpuðu tveimur fyrstu leikjum sínum, á föstudagskvöld gegn Vest Amager með 4 stigum gegn 7 og á laugardagsmorgun gegn sigurvegurum síðasta árs, Legaard, með 1 stigi gegn 12. Í þriðju umferðinni sigruðu Fálkarnir lið Århus Girls með 9 stigum gegn 3 og gerðu síðan jafntefli gegn Malmö2 í síðustu umferðinni, 7-7. Fálkarnir enduðu því með þrjú stig og urðu í 17. sæti eins og fyrr segir. Lið Fálka var þannig skipað: Ágúst Hilmarsson, Árni Arason, Ásgrímur Ágústsson, Haraldur Ingólfsson og Júlíus Arason.

Víkingum gekk heldur verr og tapaði liðið fjórum leikjum en vann síðan úrslitaleikinn á botninum eins og fyrr segir. Í fyrstu umferðinni léku Víkingar gegn gestgjafanum Johannesi Jensen og liði hans Margarita Curling Club Denmark, sem síðan endaði í öðru sæti mótsins. Víkingar töpuðu leiknum með 3 stigum gegn 12. Í annarri umferð léku Víkingar gegn Malmö1, sem endaði í 5. sæti mótsins, og töpuðu þeim leik með 2 stigum gegn 9. Litlu munaði að Víkingar næðu sigri í þriðju og fjórðu umferðinni, en því miður töpuðust báðir leikirnir, fyrst gegn Team 5 Tango, með 4 stigum gegn 6, og síðan gegn Team 2000 með 5 stigum gegn sex. Það var síðan í úrslitaleiknum gegn Århus Girls sem Víkingar náðu loks sigri, með 8 stigum gegn 7.

Úrslit allra leikja á mótinu og lokastaðan eru á heimasíðu klúbbsins í Tårnby, www.taarnbycurlingclub.dk og myndir er meðal annars að finna á www.curlingshjemsted.dk

5. nóvember 2003:

Ice Cup - alþjóðlegt curling mót á Akureyri vorið 2004

Ákveðið hefur verið að halda alþjóðlegt curling mót í Skautahöllinni á Akureyri dagana 30. apríl til 2. maí 2004. Það er Curling deild Skautafélags Akureyrar sem stendur að mótinu en samskipti akureyrssks curling fólks við erlenda kollega hafa aukist mjög eftir Danmerkurferð fjögurra félagsmanna síðastliðið vor, heimsókn dansks liðs hingað í byrjun maí og í tengslum við Danmerkurferð tveggja liða frá Akureyri um komandi helgi.

Mótið sem haldið verður á Akureyri er nefnt ICE CUP og hefur skipulag þess þegar verið ákveðið í stórum dráttum en nákvæm útfærsla fer að sjálfsögðu eftir fjölda liða. Kynning er þegar hafin erlendis og hér á vef deildarinnar. Mótið verður meðal annars kynnt á Tårnby Cup nú um helgina en þar taka þátt tvö lið frá Akureyri, eins og komið hefur fram.

Erfitt er að áætla hve mörg lið munu taka þátt í mótinu en vonast er eftir þátttöku allmargra erlendra liða, svo engar tölur séu nefndar á þessu stigi. Auk þess verða að sjálfsögðu nokkur lið frá Akureyri með í mótinu, enda er einn tilgangur mótsins að íslenskir curling spilarar fái verðuga keppni. Leikið verður á fjórum brautum í Skautahöllinni á Akureyri dagana 30. apríl til 2. maí og mun hvert lið leika að minnsta kosti fimm leiki. Þátttökugjald er 8.000 krónur á hvert lið og er kvöldverður á



laugardagskvöldinu innifalinn. Skráningu í mótið þarf að tilkynna til formanns Curling deildarinnar í netfangið gisli@arkitektur.is fyrir 1. apríl 2004.

Á myndinni sýnir Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, góða takta í curling við vígslu Skautahallarinnar á Akureyri í mars 2000.

4. nóvember 2003:

Styttist í Danmerkurferðina

Nú styttist í utanför curling manna til keppni í Tårnby Cup, sem fram fer í Tårnby í útjaðri Kaupmannahafnar dagana 7.-9. nóvember. Hópurinn heldur utan með flugi frá Akureyrarflugvelli á fimmtudagsmorgun þannig að síðasta æfing fyrir ferðina verður á miðvikudagskvöld kl. 19-21. Aðdáendur eru velkomnir, hvort tveggja á síðustu æfinguna og inn á Akureyrarflugvöll við brottför.

Væntanlega gefst tími til æfinga á svellinu í Tårnby á fimmtudag eða föstudag, en fyrir þá sem ekki vita er jafnan mun meira rennsli á sérútbúnum curling ís en á þeim ís sem við erum vön í Skautahöllinni á Akureyri þar sem við deilum svellinu með listhlaups- og hokkífólki. Hættan er því að við verðum of kröftug miðað við aðstæður úti og því eins gott að nýta æfingarnar vel.

Leikjadagskráin liggur fyrir og hefja bæði liðin keppni um kvöldmatarleytið á föstudagskvöld að staðartíma. Víkingar, Íslandsmeistararnir, hefja keppni gegn gestgjafanum Johannesi Jensen og félagum í Margarita Curling Club DK. Leikið verður á föstudag, laugardag og sunnudag. Fréttaritari deildarinnar verður með í för og vonast til að komast í tölvu á staðnum til þess að setja inn fréttir hér á heimasíðuna jafnóðum og þær gerast.

20. október 2003:

Frægðarför framundan

Eins nefnt hefur verið hér í fréttum á vef Curling deildarinnar styttist nú óðum í aðra utanferð akureyrskra curling manna til keppni og kynna við erlenda kollega. Níu leikmenn ásamt fylgdarliði leggja í 'ann frá Akureyri í beinu flugi með Air Greenland til Kaupmannahafnar fimmtudaginn 6. nóvember og koma til baka mánudaginn 10. nóvember.

Ferðinni er heitið til Tårnby í útjaðri Kaupmannahafnar þar sem Tårnby Cup fer fram dagana 7.-9. nóvember. Það er að sjálfsögðu Johannes Jensen, altnuligmand í Tårnby Curling Club, sem á heiðurinn og hugmyndina að því að við förum þessa ferð. (Sjá mynd, þar sem Johannes (til hægri), Finn Nielsen og Kirsten Jensen (til hægri) ræða við Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóra á Gimli Cup í maí.



Eftir heimsókn og þátttöku fjögurra Akureyringa í Öresund Cup í Tårnby í apríl og heimsókn Johannesar og félaga til Akureyrar í byrjun maí fékk Curling deild SA boð um að senda tvö lið á þetta vinsæla mót þar sem færri komast að en vilja. Þrjátíu lið taka þátt og koma þau frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi og hugsanlega fleiri löndum. Svo eftirsótt er þetta mót að mótshaldarar hafa það fyrir reglu að nokkur efstu liðin fá ekki að koma aftur að ári. Sigur er semsagt ekki allt – og stundum gott að vera bara með!

Liðin sem fara til Tårnby verða væntanlega þannig skipuð:

Víkingar (Ísland 1): Gísli Kristinsson (skipper), Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason, Jón S. Hansen og Hallgrímur Ingólfsson.

Fálkar (Ísland 2): Ágúst Hilmarsson (skipper), Árni Arason, Ásgrímur Ágústsson, Haraldur Ingólfsson og Júlíus Arason.

13. október 2003:

Kanadísk heimsókn á curling æfingu

Það var óvenju fjölmennt á curling æfingu sem fram fór í Skautahöllinni á Akureyri í kvöld. Hvort tveggja var að nú í upphafi æfingatímabilsins hafa akureyrskir curling spilarar mætt vel, enda innan við mánuður þangað til haldið verður í víking til Tårnby í Danmörku, en við fjölmennan hóp heimamanna bættust sjö Kanadamenn og einn Reykvíkingur. Það voru því yfir tuttugu manns sem léku sér í curling í kvöld og skemmtu allir sér hið besta.



Þessi kanadíska heimsókn á curling æfingu skýrist af því landstjóri Kanada er nú í opinberri heimsókn á Akureyri og eitt af því sem hópnum stóð til boða var að mæta á curling æfingu og reyna sig gegn heimamönnum. Smalað var í tvö lið gegn tveimur liðum heimamanna og tekinn léttur leikur. Ekki munu þó allir Kanadamennirnir sem komu í Skautahöllina í kvöld hafa reynt curling áður. Foringi þeirra, alvanur curling spilari, tók sitt fólk í stutta kennslustund áður en leikar hófust. Þótt ekki hafi verið um opinbera landskeppni að ræða var liðum þó þannig skipað að okkar menn skiptu sér í tvö lið og léku gegn gestunum. Skemmst er frá því að segja að akureyrsku liðin stóðu uppi sem sigurvegarar, enda heimamenn allir nokkuð sjóðir í íþróttinni og auk þess vanir að leika curling á skautasvelli. Á hinn bóginn eru þeir úr hópi gestanna sem hafa leikið curling áður vanir því að leika á svelli sem eingöngu er ætlað til þess að leika á því curling. Skautasvell er að jafnaði mun ósléttara og erfiðara til slíks brúks en svell í sérstökum curling höllum.

7. október 2003:

Æfingar hafnar - velkomin til leiks!

Eftir að því er virðist eilífðarbið frá því æfingum og keppni lauk í byrjun maí síðastliðinn eru curling spilarar (krullarar!) nú komnir af stað aftur eftir sumarfrí eins og annað ísíþróttafólk á Akureyri. Nýjar ísvélar, svellið hált og engin ástæða til að standa kyrr lengur! Fyrsta æfingin var í gærkvöld og mættu tíu krullarar, spenntir eftir fríið og til í allt á komandi vetri. Ekki seinna vænna að rifja upp gömul klókindi og kústatök fyrir ferðina á Tårnby Cup 2003 í næsta mánuði. Velkomin til leiks!

5. október 2003:

Nýr vefur Curling deildar SA opnaður

Curling deild Skautafélags hefur nú opnað sinn eigin vef sem þó er ekki með sjálfstætt lén heldur vistaður undir vef Skautafélagsins á slóðinni www.icehockey.is (www.icehockey.is/curling) í sparnaðarskygni, fyrst um sinn að minnsta kosti. Vefnum er komið á fót til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi deildarinnar og kynna þessa skemmtilegu íþrótt. Ekki síður er ætlunin með vefnum að komast í samband við kollega okkar erlendis og koma Skautahöllinni á Akureyri og bænum okkar á framfæri sem skemmtilegri viðbót við curling heiminn og spennandi valkosti þegar leitað er að nýjum og skemmtilegum stöðum til þess að heimsækja og spila curling, meðal annars með Gimli Cup í huga, sem ætlunin er að verði að árlegu, alþjóðlegu móti á Akureyri (sbr. upplýsingar um mótið hér á vefnum).

Á vefnum er meðal annars að finna upplýsingar um þessa skemmtilegu íþrótt sem sumum þykir svo undarleg, stutt ágrip af sögu hennar hér á landi, upplýsingar um þá einstaklinga og liðin sem stunda íþróttina, úrslit móta sem hér hafa verið haldin og fleira. Nú þegar vefurinn er opnaður á þó enn eftir að bæta inn nokkru af þessum upplýsingum en hann verður fullunninn á næstu dögum og vikum. Hönnuðir vefsins og handverksmenn eru þeir Hallgrímur Valsson og Haraldur Ingólfsson. Myndasmiðir koma flestir úr röðum curling spilara, enda í þeim hópi hvort tveggja atvinnu- og áhugaljósmyndarar.

18. september 2003:

Ný stjórn Curling deildar

Ný stjórn var kjörin fyrir Curling deildina á aðalfundi Skautafélagsins, sem haldinn var í Skautahöllinni í gærkvöld. Litlar breytingar urðu á stjórninni frá fyrra ári. Einn stjórnarmaður, Páll Tómasson, hættir í stjórninni þar sem hann hefur flutt sig um set á suðvesturhornið. Hinn íslenski curling vefur óskar Páli góðs syðra og hvetur hann til að koma íþróttinni af stað í skautahöllum Reykjavíkur. Nýja stjórn Curling deildarinnar skipa eftirtaldir:

Gísli Kristinsson formaður
Guðmundur Pétursson varaformaður
Hallgrímur Valsson gjaldkeri
Ásgrímur Ágústsson ritari
Ágúst Hilmarsson meðstjórnandi
Jón Hansen varamaður
Davíð Valsson varamaður

3. maí 2003:

Garpar sigruðu á Gimli Cup

Gimli Cup, síðasta krullumót vetrarins (Curling) fór fram í Skautahöllinni á Akureyri dagana 1. og 2. maí. Fjögur íslensk lið, öll frá Akureyri, tóku þátt í mótinu ásamt einu liði frá Danmörku sem kom sérstaklega til Akureyrar til að taka þátt. Keppnin var mjög jöfn og spennandi en Garpar tryggðu sér sigur í mótinu með sigri á Ísmeisturum í hreinum úrslitaleik í lokaumferðinni. Með heimsókn danska liðsins og með þátttöku eins íslensks liðs á mótí í Danmörku fyrir tæpum mánuði er markað upphaf að frekara samstarfi milli landanna og er stefnan sett á utanferð eða jafnvel utanferðir til keppni næsta vetur.



Úrslit í Gimli Cup urðu sem hér segir:

1.	Garpar	6 stig
2.-4.	Fálkar	4 stig
2.-4.	Ísmeistarar	4 stig
2.-4.	Team J. Jensen (Dan)	4 stig
5.	Víkingar	2 stig

Ítarlegri upplýsingar um mótið er að finna á mótasíðunni hér á vefnum.

14. apríl 2003:

Akureyringar á Curling mótí í Kaupmannahöfn

Fjórir úr okkar hópi héldu í víking til Danmerkur um liðna helgi (12. og 13. apríl) til þess að taka þar þátt í Eyrarsundsmótinu, sem haldið var í Tårnby í úthverfi Kaupmannahafnar. Mótið er óopinber landskeppni milli Danmerkur og Svíþjóðar og kepptu okkar menn sem Danir - enda þangað komnir frá danska bænum Akureyri. Alls tóku 20 lið þátt í mótinu, tíu frá Svíþjóð, níu frá Danmörku og svo okkar menn, þeir Gísli Kristinsson, Ágúst Hilmarsson, Hallgrímur Valsson og Jón Hansen (Sjá mynd, talið frá vinstri). Liðið náði ágætum árangri svo ekki sé meira sagt, vann tvo leiki og tapaði tveimur, enduðu í 6. sæti samanlagt á mótinu og urðu í 3. sæti af dönsku liðunum. Ferðin tókst í alla staði vel og kitlaði það curling spilarana mjög að komast á alvöru curling svell - þeir spiluðu sem sagt á svelli sem er eingöngu ætlað fyrir curling en eru sem kunnugt er vanir því að spila á skautasvelli á Akureyri, sem er mun ósléttara og erfiðara.



10. apríl 2003:

Víkingar tóku bikarinn með tilþrifum

Lið Víkinga frá Akureyri varð í gærkvöld Íslandsmeistari í krullu. Liðið hafði tryggt sér titilinn fyrir síðustu umferðina og lauk mótinu með tilþrifum með því að vinna "fráfarandi" Íslandsmeistarara 10-1. Víkingar luku mótinu með 13 stig af 16 mögulegum, töpuðu aðeins einum leik og gerðu eitt jafntefli. Sigur þeirra á Ísmeisturum í gærkvöld þýddi það að þrátt fyrir tap gegn Görpum héldu Fálkar öðru sæti í mótinu en Ísmeistarar enduðu í þriðja sæti, jafnir Görpunum að stigum en með betri árangur í innbyrðis viðureigninni. Garpar gáfu Fálkunum engin grið, komust í 4-0 í fyrstu lotu, héldu forystunni út leikinn og sigruðu að lokum 9-3.



Lokastaðan í Íslandsmótinu

1.	Víkingar	13
2.	Fálkar	9
3.	Ísmeistarar	8
4.	Garpar	8
5.	Listhlaup	2

Víkingar eru vel að sigrinum komnir og eru þeim hér með færðar hamingjuóskir. Víkingar eru: Gísli Kristinsson, Jón Hansen, Birgitta Reinaldsdóttir, Björn Arason og Jón B. Gíslason. Þetta er í annað sinn sem keppt er um Íslandsmeistaratitil í krullu en í fyrra sigruðu Ísmeistarar. Enn sem komið er hefur krulla aðeins náð að festa rætur á Akureyri og eru öll liðin sem þátt tóku í mótinu frá Akureyri. Þó standa vonir til þess að kappsamir krullumenn muni skjóta upp kollinum syðra þegar skautahöllum þar fjölgar.

Tveir liðsmenn Víkinga og tveir Garpar halda nú til Danmerkur í víking og taka þátt í móti þar um helgina.

3. apríl 2003:

Víkingar tryggðu sér titilinn í næstsíðustu umferðinni

Úrslit 9. og næstsíðustu umferðar Íslandsmótsins í krullu urðu til þess að Víkingar tryggðu sér titilinn þótt ein umferð sé nú eftir. Víkingar eru komnir með 11 stig og eftir tap Ísmeistaranna í gærkvöld er það aðeins lið Fálkanna sem getur náð þeim að stigum. Víkingar stóðu sig hins vegar betur í viðureignum liðsins gegn Fálkum, unnu annan leikin og náðu jafntefli í hinum, og því myndi ekki nægja Fálkum að ná þeim að stigum.

Víkingar léku gegn Listhlaupinu í gærkvöld og gáfu þeim aldrei tækifæri til þess að endurtaka leikinn úr fyrri hluta mótsins, en þá vann Listhlaupsliðið sinn eina leik í mótinu gegn Víkingum. Víkingar tóku forystuna strax í fyrstu lotu og unnu allar lotur leiksins. Úrslitin urðu 10-0.

Mikil spenna ríkti í hinni viðureign 9. umferðarinnar en þar áttust við Fálkar og Ísmeistarar. Ísmeistarar áttu sínu meiri möguleika en Fálkar að vinna mótið með sigri í gærkvöld og síðan með hreinum úrslitaleik gegn Víkingum í lokaumferðinni. Það gekk hins vegar ekki eftir því Fálkar tóku strax forystuna í leiknum, komust í 4-0 í fyrstu lotu og héldu fastataki á leiknum eftir það. Þegar tvær lotur voru eftir höfðu Fálkar forystu, 7-2 og kepptust við að verja fenginn hlut. Viðureignin varð þó spennandi og mátti ekki miklu muna að Ísmeisturum tækist að jafna eða að sgra í leiknum. Fálkar héldu einbeitingunni út leikinn og sigruðu 7-6.

Staðan eftir 9 umferðir:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Víkingar	11	7
2.	Fálkar	9	7
3.	Ísmeistarar	8	7

4. Garpar	6	7
5. Listhlaup	2	8

Nú þegar er ljóst að Víkingar eru Íslandsmeistarar en einnig er öruggt að Garpar munu verma fjórða sætið og Listhlaupið það fimmta, hvernig sem úrslitin verða í lokaumferðinni. Það verður því barátta um 2. sætið í mótinu sem einkenna mun lokaumferðina miðvikudagskvöldið 9. apríl. Þá leika Víkingar gegn Ísmeisturum og Fálkar gegn Görpum.

Rétt er að vekja athygli á að keppt verður í curling á minningarmóti Marjo Kristinsson sem fram fer í Skautahöllinni á Akureyri á laugardag. Keppni í krullunni hefst kl. 20.00 og er jafnvel búist við liði eða liðum að sunnan til þeirrar keppni. Áhugafólk um óvenjulegar íþróttir er hvatt til að fjölmenna í Skautahöllina og upplifa öðruvísi íþróttakappleik.

27. mars 2003:

Víkingar standa best að vígi

Víkingar stigu feti nær Íslandsmeistaratitlinum með sigri á Görpum í áttundu umferð Íslandsmótsins í curling sem leikin var í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld. Garpar komust þó í 3-1 eftir tvær lotur en eftir það gáfu Víkingar þeim engin grið og sigruðu að lokum 9-3. Listhlaupsliðið hafði í fullu tré við Ísmeistarana fyrri hluta leiks. Staðan var 4-4 eftir þrjár lotur en þá sigu Ísmeistarar framúr og sigruðu 10-4.

Úrslit 8. umferðar:

Garpar - Víkingar	3-9
Listhlaup - Ísmeistarar	4-10

Staðan eftir átta umferðir:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Víkingar	9	6
2.	Ísmeistarar	8	6
3.	Fálkar	7	6
4.	Garpar	6	7
5.	Listhlaup	2	7

Víkingar leika gegn Listhlaupinu í 9. umferðinni miðvikudagskvöldið 2. apríl og Fálkar gegn Ísmeisturum. Úrslit mótsins gætu ráðist strax í 9. umferðinni, það er ef Víkingar vinna og Fálkar vinna. Þá gætu Fálkar að vísu enn náð Víkingum að stigum með sigri í síðustu umferðinni en Víkingar yrðu þá meistarar vegna betri árangurs í innbyrðis viðureignum liðanna. Ef Ísmeistarar sigra Fálkana verður hrein úrslitaviðureign um titilinn milli Ísmeistara og Víkinga í lokaumferðinni. Spennan er semsagt í hámarki og ástæða til að hvetja áhorfendur til að fjölmenna í Skautahöllina kl. 19.30, miðvikudagskvöldið 2. apríl. Enn eru þrjú lið sem eiga möguleika á að hampa bikarnum.

20. mars 2003:

Ótrúlega spennandi Íslandsmót

Úrslit leikja í 7. umferð Íslandsmótsins í krullu mögnuðu enn spennuna í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn. Fjögur lið eiga enn sem fyrr möguleika á að krækja í titilinn þegar þrjár umferðir eru eftir og munar aðeins einu stigi á efsta liði og því sem er í fjórða sæti.

Leikur Ísmeistaranna og Garpa í gærkvöld var gríðarlega jafn og spennandi. Kalla þurfti til dómara við lok fyrstu lotu til þess að skera úr um hvort liðið átti stein nær miðju hringsins. Þar munaði millimetrum

Ísmeisturum í hag samkvæmt úrskurði dómarans. Þeir höfðu því yfir, 1-0, eftir fyrstu lotu og í næstu þremur lotum skiptust liðin á að skora, eitt stig í hverri lotu. Staðan eftir fjórar lotur af sex var því 2-2. Þá sigu Ísmeistarar framúr og sigruðu að lokum með sex stigum gegn tveimur.

Hafi einhver búist við auðveldum sigri Fálka á Lifthlaupinu þá reyndist það á misskilningi byggt. Lifthlaupsliðið vex með hverjum leik og átti í fullu tré við Fálkana. Fálkarnir skoruðu eitt stig í fyrstu lotu en Lifthlaupið skoraði þrjú í þeirri næstu. Fálkarnir komust aftur yfir með því að skora þrjú stig í þriðju lotunni, ekkert var skoraði í fjórðu lotu og Fálkar náðu einu stigi í fimmtu og næstsíðustu lotunni. Staðan var því 5-3 þegar ein lota var eftir en Lifthlaupinu tókst ekki að ná í nema eitt stig þar þrátt fyrir að eiga síðasta stein.

Úrslit 7. umferðar

Lifthlaup - Fálkar	4-5
Garpar - Ísmeistarar	2-6

Staðan eftir sjö umferðir:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Víkingar	7	5
2.	Fálkar	7	6
3.	Ísmeistarar	6	5
4.	Garpar	6	6
5.	Lifthlaup	2	6

Ef staðan er skoðuð út frá því hve mörgum stigum hvert lið hefur tapað þá standa Víkingar best að vígi (3 töpuð stig), Ísmeistararnir koma næstir (4), þá Fálkar (5) og Garpar þar á eftir (6). Það er því ljóst að spennan á tæplega eftir að minnka í þeim þremur umferðum sem eftir eru og líklegast að úrslitin ráðist ekki fyrr en í síðustu umferðinni.

Næsta umferð verður leikin miðvikudaginn 26. mars og eigast þá við Garpar og Víkingar annars vegar en Lifthlaup og Ísmeistarar hins vegar.

13. mars 2003:

Fyrsta jafnteflið

Síðari hluti Íslandsmótsins í Curling (krullu) hófst í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld með tveimur viðureignum. Enn er mikil spenna í keppninni því efsta liðið náði ekki að sigra í sinni viðureign í 6. umferðinni. Fjögur lið af fimm eiga enn möguleika á Íslandsmeistaratitlinum.

Garpar voru við öllu búnir gegn Lifthlaupsliðinu eftir sigur hinna síðarnefndu gegn Víkingum á dögnum. Eitthvert bakslag kom þó í leik Lifthlaupsins því Garpar unnu auðveldan sigur 13-1. Hin viðureign kvöldsins varð æsispennandi en þar áttust við Víkingar og Fálkar. Fálkar náðu eins stigs forystu í fyrstu lotu en Víkingar jöfnuðu í annarri og unnu þá þriðju með þriggja stiga mun. Staðan var því orðin 4-1 Víkingum í vil þegar viðureignin var hálfnuð. Fálkar neituðu að játa sig sigraða, náðu einu stigi í hverri lotu það sem eftir var leiksins og náðu að jafna leikinn í æsispennandi loklotu þar sem Víkingar áttu síðasta stein – sem þeir náðu ekki að nýta til sigurs.

Úrslit 6. umferðar:

Fálkar - Víkingar	4-4
Lifthlaup - Garpar	1-13

Staðan eftir sex umferðir:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Víkingar	7	5
2.	Garpar	6	5
3.	Fálkar	5	5
4.	Ísmeistarar	4	4
5.	Listhlaup	2	5

Í næstu umferð eigast við Garpar og Ísmeistarar annars vegar og Listhlaup og Fálkar hins vegar.

6. mars 2003:

Víkingar taka forystuna

Eitt lið trónir nú á toppnum í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn í krullu (Curling) en engu að síður er gríðarleg spennan í keppninni og þrjú lið eru jöfn í 2.-4 sæti keppinnar. Víkingarnir eru efstir eftir góðan sigur í gærkvöld. Fimmta umferðin af tíu fór fram í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld og er mótið þar með hálfnað.

Víkingar réttu úr kútnum eftir óvænt tap í fjórðu umferðinni. Fórnarlömb strandhöggs Víkinganna í fimmtu umferðinni í gærkvöld voru Íslandsmeistarar Ísmeistaranna (!) sem þurftu að sætta sig við tap, 3-6, gegn ákveðnum Víkingum.

Fálkar og Garpar áttust við og má segja að þar hafi farið fram bræðraslagur því Davíð Valsson leikur með Fálkum en Hallgrímur Valsson með Görpum. Fór svo að eldri bróðirinn hafði sigur ásamt félagum sínum, Görpunum.

Úrslit 5. umferðar:

Garpar - Fálkar	6-4
Víkingar - Ísmeistarar	6-3

Staðan þegar mótið er hálfnað:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Víkingar	6	4
2.	Fálkar	4	4
3.	Garpar	4	4
4.	Ísmeistarar	4	4
5.	Listhlaup	2	4

Sjötta umferð mótsins – og sú fyrsta í seinni umferðinni – verður leikin í Skautahöllinni á Akureyri miðvikudagskvöldið 12. mars.

Íslandsmótið í krullu hefur vakið athygli einhverra fjölmiðlamanna og er gaman að segja frá því að Pétur Halldórsson, sá geðþekki útvarpsmaður hjá Ríkisútvarpinu á Akureyri, fylgdist með í gærkvöld af miklum áhuga og spjallaði við tvo af stjórnarmönnum krulludeildarinnar, þá Gísla Kristinsson formann og Hallgrím Valsson gjaldkera. Pétur stýrir meðal annars hinum vandaða þætti Útrás, sem er á dagskrá Rásar 1 á föstudögum kl. 15.03 og aftur kl. 19.40.

27. febrúar 2003:

Toppliðin töpuðu

Óvænt úrslit urðu í fjórðu umferð Íslandsmótsins í curling sem leikin var í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld. Liðin sem fyrir umferðina trónuðu á toppnum töpuðu bæði, það er Víkingar og Ísmeistarar. Þar með er keppnin orðin enn meira spennandi en áður, þrjú lið eru jöfn á toppnum og tvö á botninum – og aðeins tvö stig þarna á milli.

Óhætt er að segja að liðsmenn toppliðanna tveggja standi í ströngu þessa dagana því í liði Ísmeistaranna eru skráðir þrír úr meistaraflokksliði Skautafélags Akureyrar í íshökkí og einn í liði Víkinganna. Haft var á orði eftir keppnina í gærkvöld að þessi lið hafi verið sigruð til þess að herða keppnisskap hokkíþiltanna fyrir átökin í kvöld og á laugardaginn þegar SA mætir SR í úrslitakeppni Íslandsmótsins í íshökkí.

Úrslit 4. umferðar:

Listhlaup - Víkingar	6-2
Fálkar - Ísmeistarar	8-3

Staðan eftir fjórar umferðir er ótrúlega jöfn eins og áður sagði. Efst og jöfn með 4 stig eru lið Fálka, Ísmeistara og Víkinga en í neðri sætunum eru lið Garpa og Listhlaupsins með tvö stig. Til fróðleiks má geta þess að ef tvö lið standa uppi með jafnmörg stig í lok móts eru það innbyrðis viðureignir liðanna sem skera úr um hvort þeirra hefur sigur í mótinu. Fyrst skiptir máli hvort liðið vann en ef liðin unnu hvort sína viðureignina er það skorið sem sker úr. Ef enn er jafnt að loknum þeim samanburði þarf að fara fram vítakeppni.

Næsta umferð – og sú síðasta í fyrri hluta mótsins – verður leikin næstkomandi miðvikudag, 5. mars kl. 19.30 í Skautahöllinni á Akureyri. Sannkallaðir *stórleikir* verða þá á dagskrá því lið Ísmeistaranna mætir þá liði Víkinganna og Fálkar fljúgast á við Garpa.

20. febrúar 2003:

Ísmeistarar og Víkingar taka forystu í Íslandsmótinu

Þriðja umferð Íslandsmótsins í curling (krullu) fór fram í Skautahöllinni á Akureyri í gærkvöld. Ísmeistararnir, núverandi Íslandsmeistarar, og Víkingar hafa tekið forystu í mótinu, hafa náð fjórum stigum hvort lið.

Úrslit 3. umferðar:

Ísmeistarar – Listhlaup	9-4
Víkingar – Garpar	8-5

Staðan eftir þrjár umferðir:

Sæti	Lið	Stig	Leikir
1.	Ísmeistarar	4	2
2.	Víkingar	4	2
3.	Fálkar	2	2
4.	Garpar	2	3
5.	Listhlaup	0	3

Alls verða leiknar tíu umferðir í mótinu, á hverju miðvikudagskvöldi fram til 9. apríl. Góð aðstaða er fyrir áhorfendur til að fylgjast með keppninni og er fólk hvatt til að líta við í Skautahöllinni á miðvikudagskvöldum og njóta þess að fylgjast með keppni í þessari skemmtilegu íþrótt.

Oft eru liðsmenn þess liðs sem situr yfir hverju sinni viðstaddir og geta þá frætt áhugasama um reglur leiksins og framgang hans. Þar að auki er opið fyrir almenning á helmingi skautasvellsins á sama tíma og keppt er þannig að kjörið er að skella sér á skauta og gjóa augunum yfir á spilarana þegar keppnin stendur sem hæst.
